

**Þjónustusamningur vegna barna með lögheimili í  
Eyja-og Miklaholtshrepp sem eru vistuð í Leikskóla Stykkishólms.**

**1. gr. Samningsaðilar**

Sveitarfélagið Stykkishólmur, kt. 620269-7009 (hér eftir „Stykkishólmur“) og Eyja- og Miklaholtshreppur, kt. 6908942469, gera með sér eftirfarandi samning um þjónustu við nemendur með lögheimili í Eyja- og Miklaholtshreppi sem eru vistuð í Leikskólanum í Stykkishólmi. Samningur þessi er gerður á grundvelli þjónustusamnings vegna þjónustu Stykkishólms gagnvart íbúum Eyja- og Miklaholtshrepps, sem undirritaður er samhlíða þessum samningi. Sá samningur skoðast sem yfirsamningur samnings þessa.

**2. gr. Tilgangur og lögbundin verkefni**

Stykkishólmur tekur að sér vistun nemenda með lögheimili í Eyja- og Miklaholtshrepp í Leikskólanum í Stykkishólmi samkvæmt lögum um leiksskóla nr. 90/2008, aðalnámskrá leiksskóla, skólustefnu Stykkishólms og verklagsreglum fyrir starfsemi Leikskólans í Stykkishólmi.

Ekki er unnt að skuldbinda samningsaðila umfram það sem tiltekið er í samningi þessum nema að um það verði samið sérstaklega. Komi til ítarlegri lýsing á hlutverki samningsins eða verkefnum bætt við samninginn verður það aðeins gert með samþykki beggja samningsaðila.

**3. gr. Stjórnarskipulag**

Stykkishólmur fer með framkvæmd verkefnisins. Íbúar Eyja- og Miklaholtshrepps skulu eiga sama rétt til þjónustu leiksskóla Stykkishólms og íbúar Stykkishólms. Reglur Stykkishólms og eftir atvikum ákvörðun skóla- og fræðslunefndar, sem hlotið hefur staðfestingu bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar, gilda um afgreiðslu erinda frá íbúum Eyja- og Miklaholtshrepps.

**4. gr. Gagngjald Eyja- og Miklaholtshrepps**

Reiknaður skal kostnaður við rekstur leikskólans sem telst vera allur rekstarkostnaður leikskólans að frádregnum sértekjum, s.s. samkvæmt gjaldskrá leiksskóla Stykkishólms. Ofangreindur kostnaður skal innheimtur mánaðarlega sem miðar við gildandi fjárhagsáætlun með viðaukum sé um það að ræða fyrir leikskólann. Í febrúar á ári hverju eftir almanaksárið er gert uppgjör á raunkostnaði leikskólans og innheimt með reikningi sem sendur er út að jafnaði 1. mars.

**5. gr. Sérþarfir nemenda**

Almenn sérfræðiþjónusta, umfram þá þjónustu sem Félags og skólajónusta Snæfellinga veitir, greiðist af Eyja- og Miklaholtshreppi. Einnig öll frekari þjónusta vegna fötlunar nemenda eða alvarlegri þroskaskerðingar sem ekki fellur undir kostnað sem Eyja- og Miklaholtshreppur ber að greiða vegna samnings um félagsþjónustu Félags og Skólajónustu Snæfellinga sem og kostnaður vegna sérkennslu og stuðningi við nemendur sem hafa sérþarfir umfram aðra nemendur varðandi sérkennslu og þjónustu í leikskólanum og gjaldfærast ekki á leikskólann.

u 50

Allan aukakostnað vegna sérþarfa þarf að bera undir og fá samþykki hjá Eyja- og Miklaholtshreppi áður heldur en hann raungerist.

Sé þörf á aukamönnun vegna nemenda þarf að semja um kostnað vegna þess sérstaklega milli sveitarfélaganna. Sé þörf á sambærilegri aukamönnun vegna barns sem ekki á lögheimili í Eyja- og Miklaholtshreppi er sá kostnaður dreginn frá rekstrarkostnaði skv. 4. gr. samningsins.

Stykkishólmur 10. maí 2023

f.h. Eyja- og Miklaholtshrepps

Sigrún Óttarsdóttir  
Eyja- og Miklaholtshrepps

f.h. Sveitarfélagsins Stykkishólms

Jakob Þórunn Sigfíðsdóttir  
Stykkishólmur

Vottar að réttir dagsetningu og undirskrift

Jón Ólafur Jónsson 080258-3139

Jon Sindri Lúðvígsson 920289-2769